

S.sk.: Þann mun hún heita láta Immanúel.

9. *Forst.: Barn er oss fætt, sonur er oss gefinn; á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla (Esaj. 9, 5).*

S.sk.: Hann skal heita: hinn undrunarlegi, ráðgjafi, hinn máttugi sterki guð, faðir eilífðarinnar, friðarhöfðingi.

10. *Forst.: Þú, Betlehem Efrata! Þó þú sért of litil til þess að teljast meðal höfuð-ættborga Júdaríkis, þá skal þó frá þér útganga sá, sem vera skal höfðingi Ísraelsmanna (Mik. 5, 1).*

S.sk.: Hans uppruni skal vera frá aldaöðli, frá dögum eilífðarinnar.

11. *Forst.: Þessi dagur mun verða einstakur, drotni kunnur, hvorki dagur né nótt (Sak. 14, 7).*

S.sk.: En undir kvöld mun ljós verða.

12. *Forst.: Sjáið, eg sendi minn engil, sem greiða skal veginn fyrir mér; bráðum skal hann koma til síns musteris (Mal. 3, 1).*

S.sk.: Sjáið, hann kemur!—segir drottinn allsherjar.

13. *Forst.: Eftir mig mun koma sá, sem mér er meiri (Lúk. 3. 16).*

S.sk.: Og hans skóðvengi er eg ekki verðugur að leysa.

14. a. *Forst.: Og engillinn sagði við hana: Hræðstu ekki, María! Því þú hefur fundið náð hjá guði (Lúk. 1, 30-33).*

S.sk.: Og sjá! Þú munt barnshafandi verða, og fæða sveinbarn. Hann skaltu láta heita J e s ú s.

- b. *Forst.: Hann mun mikill verða, og kallast sonur hins hæsta.*

S.sk.: Drottinn mun gefa honum ríki Davíðs föður síns.

- c. *Forst.: Og hann mun ráða æfinlega yfir ætt Jakobs.*

S.sk.: Og á hans ríki mun enginn endir verða.

Allir: *Hallelúja.*

II.

Spádómarnir rætast.

Jóla guðspjallið Lúk. 2, 1—14.